



ÖKUSKÍRTEINI númer 31000 var gefið út hér í Reykjavík í fyrradag. Handhafi þess er Ólafur Sigurðsson, Teigagerði 17, en hann varð 17 ára í fyrra dag. Á afmælisdaginn lauk hann bílprófi og fékk „fint“ númer á ökuskríteini, en númerin virðast hafa mikla þýðingu í augum flestra unglunga, sem eru að byrja að aka. Þegar við komum inn í Bifreiðaeftirlit í fyrradag var Ólafur í munnlegu prófi. Eins

Ólafur Sigurðsson tekur við undirrituðum prófskríteinum frá Viggó Eyjólfsyni, prófdómara. Við hlið hans stódur Guðjón Hansson, ökukennari.

Ökuskríteini nr. 31000

og flestum mun kunnugt vera, er ökuþrófið nú í tveimur hlutum, munnlegu og verklegu prófi. Fer munnlega prófið fram á þann hátt, að nemandi velur eitt spurningablað með 30 spurningum, sem hann verður að svara á hálf-tíma. Hörður Jónsson, sem var prófdómari í þetta sinn, tjáði okkur, að þeir, sem væru reglulega vel undir prófið búnir gætu lokið því á 15–20 mínútum.

— Er þú einhverjir vissir hlutir, sem menn vilja helst flaska á?

— Nei, það er mjög misjafnt. Þó má segja, að margir séu anzi ryðgaðir í þekkingu sinni á akreinaferum. Þetta

á ekki eingöngu við um þá, sem eru að ganga undir próf, heldur ber mikið á því, að gamlir ökumenn viti ekki hvernig þeir eiga að haga akstri í akreinum.

— Er nemandur felldir á þessum munnlegu prófum?

— Nei, þeir eru ekki beinlínis felldir. Ef þeir ná ekki 260 stigum af 300 mögulegum, verða þeir að taka prófið aftur.

— Er einhverjar vissar spurningar, sem mest áherzla er lögð á?

— Það er spurt um almennar reglur um ökuhraða á flestum þessara 8 spurningablaða, sem nemandur fá að draga um í prófinu.

— Teljið þið prófdómarnir, að ökumenn hafi ávallt í huga hlutfallið milli hraða ökutækis og vegalengdina til stöðvunar þess, þegar þeir eru í akstri?

— Reglurnar, sem þeim eru kenndar þar að lútandi, gera það að verkum, að ökumenn skilja, að það er fráleitt að ætla sér að snarstöðva ökutækid ef hraðinn er orðinn mikill. Áður var það ríkjandi skoðun, að um leið og stigið væri á hemlana yrði bifreiðin komin í kyrrstöðu. Það má segja, að flest umferðarslys hafi stafað af þessum miskilningi.

Við bregðum okkur frá meðan Ólafur svarar spurningunum og innan stundar kemur Hörður fram og tilkynnir, að Ólafur megi hefja verklega prófið, þar sem hann hefði staðizt hið munnlega með 290 stigum.

— Í rauninni voru engar ákveðnar umferðarreglur á þeim tíma. Við Jón heitinn Ólafsson urðum eiginlega að setja reglurnar sjálfir og brýna það fyrir verðandi ökumönnum að gæta fyllstu varúðar og sýna öðrum í umferðinni kurteis. Þessi mál komust ekki í viðunandi horf fyrir en á síðustu fjórum til fimm árum fyrir atbeina lögreglustjórans.

Við sjáum, að Guðjón Hansson er að fletta bók, sem ber nafnið Akstur og umferð. Ökukennarafélagið hefur gefið hana út, en í því félagi eru allir starfandi ökukennarar á landinu.

— Er þessi bók notuð til undirbúnings fyrir munnlegu prófin?

— Já, segir Guðjón. Hún er líka vel þess virði að gamlir bifreiðastjórnar lesi hana yfir. Það eru allar nýjungar í umferðarreglum, umferðarmerki o. s. frv. tilgreind í þessari bók.

— Ert þú þeirrar skoðunar að kvenfólk sé betri nemandur en karlmenn?

— Þegar á heildina er litið myndi ég segja, að kvenfólk sýni miklu meiri varkærni í umferðinni. Það les líka miklu betur fyrir munnlega prófið.

Ólafur dregur eitt spurningablaðanna af borði Harðar Jónssonar.



Ólafur ekur um bæinn, sýnir mikla aðgætni, bakkar og beygir eftir fyrir mælum Viggós og svo höldum við aftur inn að Bifreiðaeftirliti. Viggó undirritar yfirlýsingu um að Ólafur hafi staðizt prófið og fái þar með heimild til að aka bifreið. Síðan minnir Viggó enn einu sinni á, að Ólafur verði að fara varlega í umferðinni og leggja sitt af mörkum til að hér komist á viðunaleg umferðarmening.

Á bílastæði Bifreiðaeftirlitsins bíða þeir Guðjón Hansson, ökukennari og Viggó Eyjólfsyni, prófdómari í gulum Plymouth, en Viggó hefur verið prófdómari frá því 1935. Ólafur kemur út og sezt við stýrið og svarar um 30 spurningum Viggós áður en lagt er upp í ökuferðina.

Það er spurt mikið um vél bifreiðarinnar, bilanir og hvernig við þeim skuli bregða. Því næst er Ólafur látinn leggja bílnum og aka síðan aftur af stað niður í bæ.

— Hvernig fóru prófin fram fyrstu árin, sem þú starfaðir hjá Bifreiðaeftirlitinu, Viggó?

STAKSTEINAR

Athugun í stað æsinga

Merkilegt og tímabært skref hefur nú verið stigið í kjarasamningum launþega og vinnuveitenda. Einkum ber að fagna yfirlýsingu samtaka launþega og vinnuveitenda um vilja á því að standa að hlutlausri og fræðilegri rannsókn á raunverulegu kaupgreiðsluþoli atvinnuveitenda og réttmætri skiptingu þjóðar-teknanna hverju sinni.

Það ætti öllum að vera ljóst, að meira verður ekki greitt en aflast, að meiru verður ekki skipt, en til skiptanna er. Ef ekki er gætt að þessari einföldu reglu, þá er lífað um efni fram með þeim afleiðingum, sem slíkur búskapur hefur í för með sér. Það er hvorki varanleg velsæld né bætt kjör. Þótt lafi í nokkra mánuði kemur alltaf að skuldadögnum. Slík þróun hefur alltof oft endurtekið sig í kjaramálum undanfarin ár.

Efnahagslífið hlítir ákveðnum lögmálum ekki síður hérlendis en með öðrum þjóðum. Við verðum því að gefa meiri gaum að fræðilegum og hlutlausum rannsóknum á efnahagsmálum og þróun. Til þeirra starfa höfum við á að skipa mjög færur sérfræðingum og fjöldi ungra manna stundar nú hægvisindi hérlendis og við erlenda háskóla.

Nauðsyn samstöðu

Eins og efnahagskerfi okkar og jafnrétti er farið ætti að vera ljóst, að raunverulegu kjarabæturnar geta eingöngu orðið með aukningu þjóðarteknanna, aukinni framleiðslu, hagræðingu, nýtingu og tækni. Kröfuspjöld og innantómar ræður um hliðhylli við almenning mun hér engu breyta.

Hér á Íslandi er fámennst og stéttlaust þjóðfélag. Aðstæður til drengilegrar og heiðarlegrar sambúðar þegnanna eru því ekki aðeins auðveldar heldur beinlínis nauðsyn.

Taka ber í ríkara mæli þekkingu og visindi í þjónustu landsmanna, en sporna við óráðshjál misviturra lýðsára, sem með innantómu og úreltum slag orðum þykjast einir vilja þjóð sinni vel.

Gjaldeyriseign undirstaða frjálsræðis

Sjónrandaðan hefur mikið deilt á Viðreisnarstjórnina fyrir það, sem þeir hafa nefnt frýstingu á sparifé landsmanna. Er látið í það skína, að illgjarnir stjórnarherrar liggja á digrum sjóðum, eins og ormar á gulli. Það virðist hins vegar hafa farið fram hjá stjórnaraðstöðingum, að hér er um einfalt efnahagslegt lögmál að ræða. Um þetta segir í gær í forystugein Alþýðublaðsins:

„Þegar gjaldeyrisvarasjóðurinn minnkaði eða hyrfi, kæmu aftur gjaldeyrisvandráði og mundi þá vafalaust þurfa að taka upp á ný skömmtun gjaldeyris til að tryggja innflutning nauðsynja. Þar með varu höftin við Skólavörðustig komin aftur.“

Háir vextir eru meginorsök aukinnar sparifjármyndunar. Frýsting á hluta aukningarinnar er undirstaða gjaldeyrisvæðingar þjóðarinnar. Gjaldeyriseignin er undirstaða frjálsari verzlunarháttá og forðar okkur frá höftum og gjaldeyrisvæðingum. Með því að brjóta einn hlekk þessarar keðju eins og Framsóknarflokkurinn vill, mundi keðjan öll bresta.“

Sala SÍS á íslenskum framleiðsluvörum yfir 1000 milljónir króna í fyrsta sinn

Frá aðalfundi Sambandsins í gær

61. aðalfundur Sambands Ísl. samvinnufélaga hófst að Bifrösti í Borgarfirði í gær. Rétt til fundarsetu eiga 104 fulltrúar frá 57 samvinnufélögum og fara þeir með umboð 31.552 félagsmanna. Auk þeirra er mætt stjórn Sambandsins, forstjóri, framkvæmdastjórar, endurskoðendur og ýmsir aðrir starfsmenn þess, auk nokkurra gesta.

Formaður Sambandsins, Jakob Frimannsson, kaupfélagsstjóri, setti fundinn og bauð fundar-

menn velkomna. Hann minntist forystumanna innan samvinnuhreyfingarinnar, er látust hafa síðan síðasti aðalfundur Sambandsins var haldinn, þeirra Kjartans Sæmundssonar, kaupfélagsstjóra í Reykjavík og varamanns í stjórn Sambandsins, og Björns Hallssonar, Rangá, fyrrum alþingismanns og formanns stjórnar Kaupfélags Héraðsbúa á Reyðarfirði. Fundarmenn vottuðu hinum látnu virðingu og þakklæti með því að rísa úr sætum.

Fundarstjóri var kjörinn Jörundur Brynjólfsson, fyrrv. alþingisforseti, og til aðstoðar Ragnar Pétursson, kaupfélagsstjóri. Fundarritarar voru kosnir Kristinn Sigmundsson, Geirmundur Jónsson og Páll H. Jónsson, frá Laugum. Fundarmenn fengu í hendur hina pentuðu ársskýrslu, en hún hefur að geyma margvíslegar upplýsingar um hina fjölbreyttu starfsemi Sambandsins á árinu 1962.

Eftir að kjörbrefanefnd hafði athugað og lagt fram kjörbref fulltrúa og þau verið samþykkt, og fundurinn úrskurðaður lögmætur, þá flutti formaður Sambandsins skýrslu um helztu viðfangsefni stjórnarinnar og gerði grein fyrir aðalframkvæmdum á

vegum Sambandsins á liðnu starfsári.

Að lokinni skýrslu formanns flutti forstjórinn, Erlendur Einarsson, ýtarlega skýrslu um rekstur Sambandsins á árinu 1962. Í upphafi máls síns minnti hann á, að þjóðarframleiðsla Íslendinga hefði aldrei fyrr orðið eins mikil og árið 1962. Sjávarafllinn varð meiri en nokkru sinni fyrr, eða samtals 767,8 þús. lestar á móti 634,9 þús. lestum árið 1961. Afkoma landbúnaðarins varð ekki eins góð. Því olli kalt vor og víða óhagstætt tíðarfar til heyskapar, en samt óx framleiðslan nokkuð frá árinu áður. Mikil framleiðsluaukning á árinu 1962 hafði veruleg áhrif á rekstur Sambandsins. Umsetning Sambandsins hafði aukizt frá árinu áður og söluaukning varð í flestum starfsgreinum. Sala Sambandsins á íslenskum framleiðsluvörum, þ.e.a.s. á landbúnaðarvörum, sjávarafurðum og iðnaðarvörum fór nú í fyrsta skipti yfir 1000 milljónir króna og varð samtals kr. 1010 millj. Forstjórinn benti á, að sala á íslenskum Framhald á bls. 22.